

Sveinbjörn og Jóhanna María á Akureyri

Sveinbjörn fór til Akureyrar þann 30. apríl og kom aftur heim í Garðabæinn þann 3. maí. Ferðin gekk vel í alla staði og hér að neðan má lesa ferðasögu Sveinbjörns og Jóhönnu Maríu.

Við lögðum af stað seinnipartinn fimmtudaginn 30. apríl. Leiðin var leiðin löng og ég og Sveinbjörn lásum bækur til að stytta okkur stundir. Í ferðinni voru fleiri bangsar sem Sveinbjörn kynntist. Hinir bangsarnir voru Anna Valgerður, Katarína og Bangsi litli. Til að komast norður á Akureyri þarf meðal annars að fara í Hvalfjarðargöngin, yfir Holtavörðu- og Öxnadalshéiði.

Á leiðinni norður stoppuðum við í Staðarskála. Þar var mjög stórt kort af Íslandi og við gátum séð leiðina til Akureyrar.

Við komum seint á fimmtudagskvöldinu í sumarbústaðinn sem við gistum í og um leið og við vorum búin að koma okkur fyrir þá fórum við að sofa.

Á föstudeginum fóru mamma og pabbi í fjallgöngu en við krakkarnir og bangsarnir vorum með ömmu og afa í bústaðnum og við horfðum á Skoppu og Skrítlu í bíó. Við fengum Coco puffs og Hunangs cheerios í morgunmat og svo fengum við líka ís.



Við krakkarnir fórum í heitapottinn en Sveinbjörn þurfti að horfa á. Stefanía og Aníta fóru í íþróttahúsið til að hitta liðið sitt en þær spila handbolta með 6. flokk kvenna í Stjörnunni. Aníta spilar einn flokk upp fyrir sig. Ég tók „ole“ hringinn tvisvar sinnum, það var gaman.



Á laugardeginum horðum við á stelpurnar keppa og þess vegna vorum við næstum allan daginn í íþróttahúsunum, KA heimilinu og í Síðuskóla. Stelpunum gekk bara vel. Um kvöldið fórum allir saman út að borða á Greifann. Þar fengum við hamborgara og mér fannst sósan skrítin.



Eftir matinn fórum við í keilu í Keiluhöllinni á Akureyri. Amma og Afi fóru í bústaðinn með Rakel, Natan og Yngva Snæ. Það var gaman í keilu og Sveinbjörn stóð sig vel.



Sveinbjörn keilumeistari.

Á sunnudeginum fórum við í heim í Garðabæ. Áður en við fórum frá Akureyri fórum við í Jólahúsið í Eyjafirðinum. Jólahúsið er lítill rauður kofi með nammi á. Það er hægt að taka mynd af tveimur í jólasveinafötum. Það var gaman að fara í Jólahúsið og það var flott jóladót í Jólahúsinu og býfluga lá í tröppunum. Ég, Sveinbjörn, Sandra og hinir bangsarnir fórum með ömmu og afa í bíl á heimleiðinni. Við stoppuðum á Skagatrönd og afa sagði margar sögur um landið og gamla daga. Við stoppuðum í Staðarskála og svo stoppuðum við líka á Hvanneyri en þar býr Þórunn systir mömmu.



Það var gaman á Akureyri, ég hef farið þangað áður en þá fór ég með vini mínum til að sjá Kárius og Baktus leikritið. Ég vona að ég geti einhvern tímann aftur farið með Sveinbjörn í ferðalag.

Jóhanna María Bjarnadóttir 2. EP